

Sæl verið þið öll,

Það tilkynnist ykkur hér með að ég hef ákveðið að segja af mér varaformennsku og stjórnarsetu í Hagsmunasamtökum Heimilanna (HH).

Ástæður afsagnar minnar eru nokkrar og hafa sumar þeirra endurspeglast í athuga- og efasemdum sem ég hef undanfarið sett fram bæði á stjórnarfundum og í t-póstum á póstlista stjórnar HH...

Sú ástæða sem vegur hvað þyngst er sú staðreynd að ég er í grundvallaratriðum ósammála mörgum þeim áherslum sem HH hafa haft uppi frá þeim tíma er ég gekk til liðs við stjórn samtakanna, þar er bæði um að ræða skoðanamun vegna málefna og það, *sem er stærra mál*, að ég er ósammála því hvernig staðið er að aðkomu HH að umræðu og álitsgjöf. Mín skoðun er að nálgun HH einkennist um of af sleggjudómum og jafnvel rangfærslum ásamt og ákaflega lítt uppbyggilegum neikvæðum málflutningi. Málflutningur sá og baráttuaðferðir þær sem tíðkast hafa hjá HH undanfarna mánuði eru að mínu mati ekki til þess fallnar að undirbyggja almenna hagsmuni heimilanna í landinu, hvorki til skemmri né lengri tíma.

Einnig tel ég að allsóasættanleg flokkspólitísk slagsíða sé á stjórn samtakanna, slagsíða sem birtist mér í miklu vantrausti (sem jaðrar við „paranoi““) sumra stjórnarmanna til meðstjórnenda og þeirra hugmynda sem lagðar eru inn í umræðuna.

Að sjálfsögðu virði ég þann rétt meirihluta stjórnar HH að haga málefnum hreyfingarinnar á hvern þann hátt sem réttkjörinn meirihluti vill, en tel eðlilegast að þeir sem vilja véla samtökin áfram á sömu braut fái nýtt fólk til þess að koma þeim hugðarefnum og áherslum áfram...**þar er ég að mínu mati einungis til trafala, en einskis gagns.**

**Það er í grunninn einfaldlega svo komið ágætu stjórnarmenn, og aðrir lesendur, að ég hef áttað mig á því að ég vil ekki eyða mjög stórum hluta frítíma míns í það að kljást og þrasa við stjórnarfólk sem hefur allt aðra lífssýn og málefnanálgun en ég hef, mun ég því finna minni þörf fyrir afskipti af þjóðfélagssumræðunni annan og átakaminni farveg.**

Að því sögðu þá þakka ég stjórnarmönnum viðkyningu og samstarf.

Með kveðju/With regards

Elías Pétursson